

Heimspækilegar samræður

Systurnar voru báðar í blóma aldurs síns, en sökum þess að þá var kristni fyrir löngu komin í land og tröll á förum, hugðu þær efna Jón þennan til fylgjulags við sig,

Hvað er kristni?

Hvað var fyrir kristni?

Af hverju kom kristni til landsins?

Eru fleiri komnir til landsins? Eins og hvað og af hverju eru þau komin?

Hvað eru tröll?

Af hverju voru tröll á förum?

Af hverju fóru systurnar ekki með hinum tröllunum?

Af hverju vildu þau að Jón yrði einn af þeim?

Lögðu þær því alla alúð á að fara sem bezt með hann og láta ekkert skorta er eftt gæti þroska hans. Iðulega tóku þær og mökuðu í eins konar smyrslum eða feiti og teygðu hann á milli sín; fannst honum það mikil raun. Þær orguðu líka í eyra honum til að trylla hann.

Hvað er átt við með að ekkert skorti sem eftt gæti þroska hans?

Hvað er þroski?

Hvað eflir þroska okkar?

Af hverju viljum við efla þroska okkar?

Af hverju voru þær að maka Jón í feiti, toga og orga í eyrun á honum?

Hvernig á það að hjálpa honum að þroskast?

Hvað fannst Jóni um það?

Hvað vildi Jón?

Hvað myndi okkur finnast um að lenda í því sama og Jón?

Liðu þannig nokkur misseri, að Jón fékk ekki að sól að sjá og aldrei færi til burtfarar sem hann hafði stöðugt löngun til, þó hann dyldi þær þess.

Af hverju langaði Jón að fara frá þeim?

Af hverju fékk hann ekki að sjá sólina?

Hvernig myndi okkur líða ef við fengjum ekki að sjá sólina?

Hvernig myndi okkur líða ef við værum föst í helli hjá tröllum?

Af hverju sagði Jón ekki við tröllin að hann vildi fara?

Hvað hefði gerst ef Jón hefði sagt að hann langaði að fara?

Af hverju fundu tröllin ekki einhvern sem vildi vera hjá þeim í staðinn fyrir Jón?

Varð Loppu mjög angursamt við missi systur sinnar, því hún trúði ekki vel fóstura sínum. Hlaut hún nú að starfa allt ein og láta Jón einan. Var hún þó aldrei svo langdvölum burtu að Jón sæi sér strokfæri; gjörir hann sér þá upp veiki og lézt þungt haldinn.

Af hverju varð Loppa leið yfir að missa systur sína?

Af hverju þóttist Jón vera veikur?

Hvað er að vera veikur?

Hvernig líður okkur þegar við erum veik?

Hvað er að þykjast vera veikur?